

Matvælaráðuneytið  
b.t. Jóns Þrándar Stefánssonar  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Táلكnafirði 23.janúar 2023

### **Varðar: Sérreglur Táلكnafjarðarhrepps um úthlutun byggðakvóta 2022-2023**

Í byrjun september gaf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (nú Matvælaráðuneytið) út tvær reglugerðir er varða úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2022/2023. Reglugerð nr. 1018/2022, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2022/2023 og reglugerð nr. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023.

Á 605.fundi sveitarstjórnar Táلكnafjarðarhrepps er samþykkt samhljóða að setja sérreglur um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2022/2023 með sama hætti og gert var fyrir fiskveiðiárin 2019/2020, 2020/2021 og 2021/2022.

Undirritaður f.h. Steglu ehf., Miðtúni 18, 460 Táلكnafirði, sem er útgerðaraðili Sæla BA-333 (2736), kemur hér með á framfæri eftirfarandi athugasemdum við reglur og rökstuðning sveitarstjórnar Táلكnafjarðarhrepps

Hér að neðan er svar undirritaðs við rökstuðningi sveitarstjórnar

- *Engin hefðbundin fiskvinnsla er rekin á Táلكnafirði...gefa útgerðaraðilum tök á því að fá sem best verð fyrir veiddan fisk. Slíkt er líklegt til að efla í senn atvinnu- og mannlíf í byggðalaginu.*

Því miður hefur engin fiskvinnsla verið rekin á Táلكnafirði síðan árið 2015 þegar Þórsberg lokaði, en allar götur síðan hefur verið vinnsluskylda á afla sem telst til byggðakvóta innan atvinnusvæðisins. Fiskvinnslan Oddi hf. er einungis í 16 km fjarlægð og það eru almenningsamgöngur á milli staða sem Oddi hf. ásamt fleiri fyrirtækjum og sveitarfélögunum Vesturbyggð og Táلكnafjarðarhrepp, halda úti. Árlega hefur undirritaður bent á þessa staðreynd sem og að starfsmenn Odda hf. (sjómenn) og Steglu ehf., hafa verið með hæstu útsvarsgreiðendum í Táلكnafjarðarhreppi ár hvert.

Þá er það undirstríkað að sunnanverðir Vestfirðir eru eitt atvinnusvæði og sækir fólk atvinnu og þjónustu á milli byggðakjarna. Algengt er að fólk sækji vinnu í öðrum byggðakjarna en það heldur heimili, s.s. í laxeldi, í skólum og öðrum störfum hjá sveitarfélagi sem og í fiskvinnslu svo eitthvað sé nefnt. Oddi hf. fiskvinnsla og útgerð er eina fiskvinnslan á sunnaverðum Vestfjörðum og er því þjóðhagslega og samfélagslega mikilvægt fyrirtæki á atvinnusvæðinu.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps hefur ítrekað vakið athygli á mikilvægi þess að tryggja heilsársamgöngur innan sunnanverðra Vestfjarða þar sem það sé eitt atvinnusvæði. Því skýtur það skökku við að önnur rök eigi við þegar ákvörðun um úthlutun byggðakvóta er tekin. Vinnsluskyldan hefur að mati undirritaðs verið grunnurinn í því kerfi sem byggðakvótinn er, það er að aflinn sé unnin á atvinnusvæðinu og styrki þar með atvinnu í landi.

Undirritaður telur sig hafa lagt sitt af mörkum til sveitarfélagsins öll þau ár sem hann hefur stundað útgerð á Tálknafirði og alla tíð landað hverju kíló til vinnslu fyrst á Tálknafirði þar til Þórsberg lokaði og síðan til Odda hf. á Pateksfirði, og stuðla þannig að því að efla atvinnu innan svæðisins.

- *Mikilvægt sé fyrir atvinnulíf á Tálknafirði að sem flestir útgerðaraðilar fái tækifæri til að fá úthlutaðan byggðakvóta og því er lagt til að veiðireynsla frá fyrra ári gildi 50% í úthlutun en 50% skiptist jafnt á þá aðila sem lönduðu í Tálknafjarðarhöfn á síðasta fiskveiðiári.*

Það hafa ekki hafa orðið breytingar á útgerðarmynstri á Tálknafirði frá árinu 2015 er vinnslan lokaði. Eftir að reglum um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps var breytt þannig að ákveðið hlutfall skiptist jafnt á milli báta opnaði það leið fyrir fleiri inn í kerfið og undirritaður gerir ekki athugasemdir við þá breytingu.

- *Fordæmi þar sem vinnsluskylda hefur verið felld niður*

Hér skal undirstrikað að sunnanverðir Vestfirðir eru eitt atvinnusvæði. Það er fiskvinnsla á atvinnusvæðinu í einungis 16 km fjarlægð frá Tálknafirði, það eru almenningssamgöngur á milli þéttbýliskjarna og 7 daga þjónusta á snjómokstri yfir vetrarmánuðina.

- *Niðurfelling vinnsluskyldur eykur líkur á því að allur byggðakvóti fiskveiðiársins veiðist.*

Á móti má segja að ef útgerðaraðilar gera vinnslusamning og standa við hann mun allur byggðakvóti veiðast. Ástæða þess að byggðakvóti er ekki að veiðast og fellur niður á milli ára er vegna þess að gerðir eru samningar um vinnslu sem sveitarstjórn staðfestir sem eiga ekki við rök að styðjast. Þetta sést ef bornar eru saman þær útgerðir sem fá úthlutun samkvæmt ákvörðun Fiskistofu en fá byggðakvóta ekki afhentan þar sem vinnsluskylda er ekki uppfyllt.

Undirritaður hefur frá 1.september 2022, og í raun frá upphafi hvers fiskveiðiárs, unnið í anda þeirra reglna sem í gildi hafa verið og aflað sér réttinda á grundvelli þeirra, því er það algerlega óviðunandi ef breyta á reglum þegar fiskveiðiárið er hálfnað eða rúmlega það. Að starfa í slíku starfsumhverfi skapar ófyrirsjáanleika og óöryggi ekki síst fyrir starfsöryggi starfsfólk undirritaðs. Að þessu sögðu þá ítrekar undirritaður þá skoðun sína að best væri ef reglur um byggðakvóta myndu liggja fyrir ekki seinna en 1.september ár hvert svo útgerðir geti skipulagt rekstur sinn í samræmi við það.

Þá er vert að vekja athygli á því að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkti samhljóða á 602.fundi sínum þann 22.nóvember 2022, samning við KPMG vegna ráðgjafar í tengslum við óformlegar sameiningarviðræður Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Jafnframt var á sama fundi skipaðir fulltrúar úr sveitarstjórn í verkefnastjórn. Við síðari umræðu sveitarstjórnar þann 13.desember 2022, um fjárhagsáætlun árána 2023-2026, var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

*Það er upplýst ákvörðun sveitarstjórnar að að halda áfram með nauðsynlegar framkvæmdir í Tálknafjarðarhreppi og þannig auka skuldsetningu frekar en að fara inn í sameiningarviðræður á næstu árum með mikla framkvæmdaþörf.*

Það er því ljóst að mati undirritaðs að sveitarstjórn vinnur að sameiningu við Vesturbyggð. Á sama tíma vinnur hún gegn vinnsluskyldu á byggðakvóta sem styrkir stoðir atvinnulífs á atvinnusvæðinu sem, samkvæmt ofansögðu, er stefnt á að verði innan sama sveitarfélags að skömmum tíma liðnum.

Að lokum vill undirritaður benda á, sjöunda árið í röð, skort á gögnum og útreikningum á bak við tillögur sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps. Í þeim er ekkert mat lagt á það hvað sveitarfélagið hefur haft í tekjur samkvæmt því kerfi sem unnið hefur verið eftir hingað til og þá hver áhrifin eru af þessum breytingum, heldur er talið líklegt að tillögurnar efli í senn atvinnu- og mannlíf í byggðalaginu.

Í 2.gr. reglugerðar nr. 1370/2022 segir:

*Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórna að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í einstökum byggðarlögum er vikja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.*

Þegar heildarmyndin er skoðuð telur undirritaður að rökstuðningur við þær breytingar sem sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til uppfylli ekki ákvæði 2.gr.reglugerðar 1370/2022.

Virðingarfyllt,  
f.h. Steglu ehf.,

  
\_\_\_\_\_  
Tryggvi Ársælsson